

Ár 2013, fimmtudaginn 6. júní kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Ninna Sif Svavarsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Ninna Sif Svavarsdóttir formaður setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

### **1. Bréf sem borist hafa frá:**

#### **1.1. Umhverfisstofnun frá 15. maí 2013.**

Í bréfinu er kynnt að hafin er vinna við friðlýsingu Bitru og Grændal í samræmi við þingsályktunartillögu um vernd- og nýtingu landsvæða.

Lagt fram til kynningar. Bæjarráð fagnar bréfi Umhverfisstofnunar þar sem kveðið er á um friðlýsingu og verndun Bitru og Grændal. Með því eru búsetuskilyrði í Hveragerði og nánasta umhverfi tryggð til langframa.

#### **1.2. Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu frá 21. maí 2013.**

Í bréfinu er kynntur dagur íslenskrar náttúru sem verður haldinn hátíðlegur 16. september næstkomandi.

Lagt fram til kynningar.

#### **1.3. Garðyrkjustöð Ingibjargar ehf frá 3. júní 2013.**

Í bréfinu óskar Garðyrkjustöð Ingibjargar ehf eftir að Hveragerðisbær falli frá forkaupsrétti á fasteigninni Hveramörk 7. Með bréfinu fylgdi afrit af kaupsamningi.

Bæjarráð samþykkir að falla frá forkaupsrétti á fasteigninni Hveramörk 7.

#### **1.4. Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 30. maí 2013.**

Í bréfinu er kynnt Nýsköpunarráðstefna og nýsköpunarverðlaun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu sem verða veitt 29. janúar 2014.

Lagt fram til kynningar.

#### **1.5. Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 31. maí 2013.**

Í bréfinu eru leiðbeiningar til sveitarstjórna um viðauka við fjárhagsáætlun.

Lagt fram til kynningar.

**2. Fjárhagsleg málefni:**

**2.1. Rekstraryfirlit Hveragerðisbæjar jan-apríl 2013.**

Lagt fram til kynningar rekstraryfirlit fyrir stofnanir bæjarins fyrstu fjóra mánuði ársins.

Lagt fram til kynningar.

**3. Verkfundargerðir:**

**3.1. Frárennislagnir Laugaskarði, göngustígur Breiðamörk frá 3. júní 2013.**

Fundargerðin samþykkt.

**4. Fundargerðir til kynningar:**

**4.1. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga frá 30. maí 2013.**

**4.2. Heilbrigðisnefnd Suðurlands frá 22. maí 2013.**

**4.3. Héraðsnefnd Árnesinga b.s. frá 8. maí 2013.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 8:50

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)